

# Reglur um hæfi lykilstarfsmanna

Samþykkt 18. maí 2017 / Áætluð endurskoðun í maí 2018 / Ábyrgðaraðili: Regluvarsla

## 1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Kvika banki hf. (*hér eftir nefndur bankinn*) leggur mikla áherslu á að starfsfólk bankans hafi góða þekkingu og búi yfir fullnægjandi færni og sérfræðikunnáttu til að sinna störfum sínum og vinni þau af heilindum.
- 1.2. Markmið reglnanna er að efla trúverðugleika bankans, viðhalda trausti viðskiptamanna og draga úr rekstrar- og orðsporsáhættu.
- 1.3. Reglur þessar varða hæfi lykilstarfsmanna bankans og eru settar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 247/2017, um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila.

## 2. Lykilstarfsmenn Kviku banka hf.

- 2.1. Lykilstarfsmaður er einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en forstjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu bankans, sbr. 8. tölul. 1. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 2.2. Stjórn bankans metur hverjir teljast til lykilstarfsmanna hans.

## 3. Sérstaða lykilstarfsmanna

- 3.1. Bankinn mun ekki gera starfslokasamning við lykilstarfsmenn nema hagnaður hafi verið af rekstri bankans samfellt síðustu þrjú ár af starfstíma lykilstarfsmannsins.
- 3.2. Með starfslokasamningi er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli lykilstarfsmanns og bankans og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram umsamin kjör í ráðningarsamningi.
- 3.3. Lykilstarfsmenn bankans skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef:
  - 3.3.1. það varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í; eða
  - 3.3.2. viðskiptum við samkeppnisaðila þeirra aðila sem greinir í 1. mgr.
  - 3.3.3. Hið sama gildir um viðskipti aðila sem eru tengdir lykilstarfsmönnum persónulega eða fjárhagslega.
- 3.4. Bankanum er óheimilt að veita lykilstarfsmanni, eða aðila í nánum tengslum við hann, fyrirgreiðslu í skilningi reglna nr. 247/2017 nema gegn traustum tryggingum. Samtala heildarfyrirgreiðslna til hvers og eins lykilstarfsmanns og aðila í nánum tengslum við hann má hæst vera 200 millj. kr.
- 3.5. Birta skal í ársreikningi upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna, ásamt upplýsingum um fjölda þeirra.
- 3.6. Þátttaka lykilstarfsmanna í atvinnurekstri eða öðrum launuðum störfum er háð samþykki forstjóra í

samræmi við reglur bankans um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri.

#### 4. Hæfisskilyrði lykilstarfsmanna

4.1. Lykilstarfsmaður bankans skal uppfylla eftirfarandi hæfisskilyrði:

- 4.1.1. Vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og vera fjárhagslega sjálfstæður.
- 4.1.2. Má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota.
- 4.1.3. Má ekki á síðustu tíu árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, skv. almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot o.fl., svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
- 4.1.4. Búa yfir nægilegri þekkingu, sérfræðikunnáttu og færni til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.
- 4.1.5. Má ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða bankann.

#### 5. Framkvæmd hæfismats

- 5.1. Við mat á því hvort umsækjandi um stöðu lykilstarfsmanns uppfylli hæfisskilyrði 4 gr. skal fara fram bæði huglægt og hlutlægt mat á viðkomandi. Starfsmannastjóri ber ábyrgð á þessu mati og skal matið fara fram áður en til ráðningar kemur.
- 5.2. Við mat á hæfi lykilstarfsmanns áskilur bankinn sér rétt til að kalla eftir öllum þeim gögnum og upplýsingum sem hann telur þörf á, þ.m.t. sakavottorð og veðbókavottorð. Gæta skal öryggis og trúnaðar við varðveislu slíkra gagna.
- 5.3. Þessu til viðbótar skal fara fram hæfispróf sem felur í sér mat á;
  - 5.3.1. þekkingu starfsmanns á þeim lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi bankans gilda og þeim sérlögum sem gilda um starfssvið lykilstarfsmanns.
  - 5.3.2. Meta skal þekkingu starfsmanns á þeim grundvallaratriðum í starfsemi bankans sem varða starfsskyldur hans.
  - 5.3.3. Meta skal starfsferil starfsmanns, m.a. með hliðsjón af því hvort hann hafi sætt rannsókn opinberra eftirlitsaðila, hvort höfðað hafi verið mál á hendur honum, hvort réttmætar kvartanir hafi beinst gegn honum vegna eftirlitsskyldrar starfsemi, hvort hann hafi verið stjórnandi fyrirtækis sem orðið hefur gjaldþrota og hvort honum hafi verið sagt upp störfum vegna athafna sinna eða athafnaleysis.
- 5.4. Undirbúningur og framkvæmd hæfisprófs skal vera í höndum regluvarðar í samstarfi við lögfræðisvið.
- 5.5. Mat á hæfi lykilstarfsmanns, sem er í starfi þegar þessar reglur öðlast gildi, skal fara fram innan fjögurra mánaða frá gildistöku þeirra. Verði lykilstarfsmaður fluttur til í starfi skal framkvæma nýtt hæfismat innan þriggja mánaða teljist störfin ekki sambærileg og starfsmaður telst áfram vera í stöðu lykilstarfsmanns.
- 5.6. Starfsmaður sem stenst ekki þekkingarhluta hæfismats þessa, skal vera gefinn kostur á að taka þann

hluta upp aftur innan fjögurra mánaða.

- 5.7. Leiki vafi á því hvort starfsmaður eigi að gegna lykilstarfi, skal stjórn bankans, að fengnu álitum forstjóra, meta hvort að viðkomandi starfsmaður eigi að gegna lykilstarfi í þágu bankans.
- 5.8. Standist starfsmaður ekki mat á hæfi, eftir að hafa tekið hæfisp próf í tvígang, eða vegna annarra atvika sem starfsmannastjóri metur eða eftir atvikum stjórn bankans, að fengnu álitum forstjóra sbr. gr. 5.7, skal starfsmaður ekki gegna starfi lykilstarfsmanns.

## **6. Upplýsinga- og tilkynningarskylda lykilstarfsmanns**

- 6.1. Starfsmanni ber að gefa réttar upplýsingar um þau atriði sem kanna þarf við framkvæmd hæfismats. Lykilstarfsmaður skal upplýsa forstjóra eða starfsmannastjóra tafarlaust um hverjar þær breytingar sem verða á högum hans, sem kynnu að leiða til endurskoðunar á hæfismati.

## **7. Lykilstarfsmaður með réttarstöðu grunaðs manns**

- 7.1. Fáir lykilstarfsmaður réttarstöðu grunaðs manns, skal hann tilkynna forstjóra eða starfsmannastjóra um slíkt.
- 7.2. Forstjóri, starfsmannastjóri, yfirlögfræðingur bankans og regluvörður skulu meta stöðu lykilstarfsmanns innan bankans með það fyrir augum hvort víkja eigi viðkomandi úr starfi, senda hann í leyfi eða aðhafast ekkert. Við slíkt mat skal ávallt litið til stöðu viðkomandi lykilstarfsmanns og alvarleika hins meinta brots. Teljist brot alvarlegt og staða lykilstarfsmanns innan bankans er þannig að störf hans fyrir bankann skaða orðspor hans þá skal lykilstarfsmaður sendur í leyfi.
- 7.3. Bankinn skal meta hvert einstakt ætlað brot fyrir sig. Regluvörður, eða eftir atvikum innri endurskoðandi, skal annast skoðun mála og lögfræðisvið meta niðurstöðu þeirrar skoðunar út frá ákvæðum laga um viðurlög. Ef það er mat bankans að brot hafi átt sér stað hjá viðkomandi lykilstarfsmanni skal honum án tafar vísað úr starfi. Uppsagnarfrestur skal greiddur nema um sé að ræða brot í starfi hjá bankanum.
- 7.4. Ef það er mat framangreindra aðila að lykilstarfsmaður hafi ekki brotið af sér þá skal lykilstarfsmanni ekki vikið úr starfi nema orðspor bankans kalli á slíka ráðstöfun.
- 7.5. Almennu skulu lykilstarfsmenn vera á launum í leyfi en þó ekki lengur en sem nemur uppsagnarfresti viðkomandi lykilstarfsmanns. Ef rannsókn opinberra aðila tekur lengri tíma skal taka ákvörðun um það hvort lykilstarfsmanni er þá vikið frá störfum, lykilstarfsmaður verði launalaus þar til rannsókn er lokið eða starfsmaður haldi launum til lengri tíma.

## **8. Skráning og birting**

- 8.1. Regluvörður skal halda skrá yfir hverjir teljast til lykilstarfsmanna innan bankans, hvaða stöðu þeir gegna og hvers vegna þeir teljast til lykilstarfsmanna.
- 8.2. Reglur þessar skulu birtar á vefsíðu bankans.

## **9. Eftirlit og viðurlög**


- 9.1. Gefi starfsmaður rangar eða villandi upplýsingar, í tengslum við hæfismat sem gert er á grundvelli þessara reglna, getur það varðað áminningu eða uppsögn.

9.2. Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé fylgt.

## 10. Breytingar


10.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn bankans hefur samþykkt þær.


Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. þann 18. maí 2017

  
Þorsteinn Pálsson

  
Jónas Hagan Guðmundsson

  
Hrönn Sveinsdóttir

  
Guðmundur Þórðarson

  
Inga Björg Hjaltadóttir

## Viðauki 1 - Yfirlýsing starfsmanns

Á grundvelli leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna ber Kvíku banka hf. (bankanum) að setja reglur um hæfi lykilstarfsmanna. Á grundvelli reglnanna ber bankanum að framkvæma mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast vera lykilstarfsmenn félagsins. Hæfisskilyrðin fela m.a. í sér að lykilstarfsmaður sé lögráða, hann sé fjárhagslega sjálfstæður og að hann hafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.

Til þess að bankinn geti sannreynt að þessum skilyrðum sé fullnægt þarf viðkomandi starfsmaður að staðfesta með undirritun sinni að hann sé lögráða. Eins þarf starfsmaður að veita bankanum heimild til að fletta starfsmanni m.a. upp í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. til að meta fjárhagslegt sjálfstæði og kanna hvort hann hafi verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.

Ég undirrituð/aður lýsi hér með yfir og staðfesti með undirskrift minni að ég er lögráða, sbr. skilgreiningu lögræðis laga nr. 71/1997. Jafnframt veiti ég bankanum heimild til að fletta kennitölu minni upp í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. Auk þess lýsi ég því hér með yfir að ég hef gefið réttar upplýsingar um þau atriði sem kanna þarf við framkvæmd hæfismats míns. Ég mun upplýsa forstjóra eða starfsmannastjóra bankans tafarlaust um hverjar þær breytingar sem verða á högum mínum sem kunna að leiða til endurskoðunar á hæfismati. Að lokum staðfesti ég að mér er kunnugt um að mér sé skylt að tilkynna forstjóra eða starfsmannastjóra ef sú staða kemur upp að ég fái réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli sem varðar atvinnurekstur eða starfsemi á fjármálamarkaði.

---

Nafn

---

Kennitala

---

Staður og dagsetning

## Viðauki 2 – umboð til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins

Á grundvelli leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna ber Kviku banka hf. (bankanum) að setja reglur um hæfi lykilstarfsmanna. Á grundvelli reglnanna ber bankanum að framkvæma mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast vera lykilstarfsmenn félagsins. Hæfisskilyrðin fela m.a. í sér að lykilstarfsmaður hafi óflekkað mannorð og hafi ekki á síðustu tíu árum fengið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur, samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl., eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Til þess að bankinn geti sannreynt að þessum skilyrðum sé fullnægt þarf að kalla eftir upplýsingum um viðkomandi starfsmann hjá Sakaskrá ríkisins. Bankinn fær eingöngu slíkar upplýsingar á grundvelli umboðs starfsmanns og er því óskað eftir að starfsmaður fylli út upplýsingarnar hér fyrir neðan.

Umboð til Kviku banka hf. til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins.

Ég undirrituð/aður veiti hér með Kviku banka hf. umboð til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins um hvort ég hafi hlotið dóm á síðustu tíu árum.

---

Nafn

---

Kennitala

---

Staður og dagsetning